



Rannsóknastöðin Rif: auglýst eftir umsóknum fyrir árið 2020

Rif auglýsir eftir umsóknum frá vísindamönnum, háskólanemum og rannsóknahópum sem vilja nýta aðstöðu stöðvarinnar til verkefna á sviði rannsókna og vöktunar. Umsóknarfrestur til 15. apríl 2020.

Hvað er Rannsóknastöðin Rif?

- Rannsóknastöðin Rif á Raufarhöfn var stofnuð árið 2014. Stefnt er að því að hún verði helsti vettvangur rannsókna á vistkerfi norðurslóða á Íslandi.
- Stöðin er aðili að [INTERACT](#), öfluglu samstarfi rannsóknastöðva á norðurslóðum og ein þriggja stöðva innan samstarfsins sem hefur hafið innleiðingu og prófun CBMP vöktunaráætlunar CAFF (sjá [caff.is/monitoring](#)).
- Að stöðinni standa sex íslenskar rannsóknastofnanir auk sveitarfélagsins Norðurþings.

Markmið stöðvarinnar er að:

- Efla og auka náttúruvísindisráðgjafi og vöktun á Melrakkaslétu m.t.t. sérstöðu svæðisins
- Safna saman og miðla upplýsingum um náttúruferla á svæðinu
- Styðja nærsamfélagið, s.s. með fræðslu og stuðningi við náttúrutengda ferðamennsku

Hvers vegna rannsóknastöð á Melrakkaslétu?

- Norðurhluti Melrakkaslétu er eina aðgengilega svæðið á láglendi Íslands sem skilgreint er sem heimskautasvæði (Low Arctic) og hentar því afar vel til norðurslóðarannsókna.
- Loftslagsbreytingar og aukin umsvif mannsins á norðurslóðum gera vöktun og rannsóknir sífellt mikilvægari.
- Markmið og áherslur eiga mikla samleið með stefnu og skuldbindingum Íslands í norðurslóðamálu.
- Ísland gegnir forystu í Norðurskautsráðinu (Arctic Council) 2019-2021.



Rannsóknatækifæri

Rannsóknastöðin hefur til umráða sérstakt rannsóknasvæði á Rifi – nyrstu jörð Íslands. Náttúra svæðisins býður upp á óþrjótandi möguleika á vöktun og rannsóknum á sviði náttúruvísinda norður við heimskautsbaug, m.a. á:

- gróðri og fuglalífi
- lífi í vötnum frá hafi til heiða
- ströndinni með öllum sínum líffræðilega margbreytileika
- áhrifum hafs á landmótun

Melrakkasléttan og Raufarhöfn er einnig kjörinn vettvangur til rannsókna á samspili manns og náttúru auk byggðaþróunar almennt. Þá gefur tenging Rifs við CAFF, CBMP og INTERACT möguleika á alþjóðlegu samstarfi.

Aðstaðan

- Gisti- og eldhúsaðstaða, einfalt rannsóknarými til grunnvinnslu á sýnum og vinnurými með góðu netsambandi. Aðstaðan er staðsett á Raufarhöfn, um 15 km frá rannsóknasvæðinu.
- Alla nauðsynlega þjónustu, s.s. banka- og pósthjónustu, heilsugæslu og matvöruverslun, má finna á staðnum.

Ítarlegar upplýsingar um umsóknarferlið eru aðgengilegar [á vefsíðu Rifs](#)

Slóð á rafræna umsókn: <https://form.jotformeu.com/92253642651355>

Upplýsingar veitir Hrönn G. Guðmundsdóttir forstöðumaður (s: 856 9500, netfang: rif@rifresearch.is)
rifresearch.is | facebook.com/Rifresearch